

Fundur: 31 mars 2025 kl. 12.00 – Hvassaleiti 34

Fundinn sátu: Magnús formaður, Gunnar, Mia rítari, Andri Jóns og Kristín Dana, gjaldkeri. Raj , tækisstjóri mætir kl. 12.45.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir frá febrúar og mars lagðar fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2024

Kristín leggur fram ársreikninginn. Rekstrarreikningur sýnir jákvæða niðurstöðu og náðist að skera niður kostnað til að bæta afkomuna. Ársreikningurinn hefur verið sendur til skoðunarmanna til yfirferðar og samþykktar.

3. Fjárhagsáætlun 2025

Lokaútgáfa fjárhagsáætlunar fyrir 2025 lögð fram til samþykktar.

Helstu breytingar:

- Framlag til Davis Cup og BJ C lækkað um 3 milljónir.
- Afrekssjóður hækkar lítillega, sem vegur upp á móti niðurskurði.
- Ekki verður farið á Nordic mót vegna áreksturs við Evrópumót.
- Engin auka verkefni eru á döfinni á vegum landsliðsins á árinu.
- Ekki verður veittur útbreiðslustyrkur til félaga þetta árið.

4. Undirbúningur vegna Tennispings og árshátíðar

Fundarstjóri verður Hafsteinn Pálsson. Búið er að bóka sal og undirbúa kjörmál. Árshátíð verður haldin á Sólun veitingastað. Metþátttaka hefur náðst með 74 skráðum gestum og er uppselt. Skemmtinefnd stendur sig afar vel.

5. Aðalfundur Tennis Europe – Fréttir

Magnús greinir frá aðalfundi Tennis Europe. Ísland hefur fengið aðild að *World Tennis Member* kerfinu. Árlegt gjald fyrir aðildina er 1.000.000 ISK. Færeyjar hafa einnig fengið aðild.

6. Umsókn Daniels Pozo

Umsókn Daniels Pozo, sem hafði týnst, er nú fundin og lögð fram. Samþykkt var að styðja umsóknina. Kom í ljós að pósturinn hafði lent í ruslpósti.

7. Leiðsögn – Landsliðsþjálfarar

Panta þarf fund til leiðsagnar með Anton og Raj sem allra fyrst.

U14 mótið á Smáþjóðaleikunum þarfnast fararstjóra. Unnið er að því að manna það hlutverk, og það væri æskilegt að senda konu í þetta verkefni.

Fundur: 31 mars 2025 kl. 12.00 – Hvassaleiti 34

8. Önnur mál

- Raj mætir á fund kl. 12:40. Rætt er um málefni TSÍ og erlenda leikmenn. Lagt til að umræðan verði haldin áfram síðar til að taka frekari ákvarðanir varðandi þátttöku erlendra leikmanna í landsliðsæfingum o.fl.
- IPIN skráningar og tengd mál rædd. Nokkrir erlendir leikmenn eru komnir með íslenska IPIN-númer og eru jafnframt að sækja um íslenskan ríkisborgararétt.